

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðrhafnar, lóð nr. 1 við Hafnargötu.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum 8. desember 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi Suðrhafnar - lóðin Hafnargata 1. Í breytingunni felst að byggingarreitur færist til um rúma 3 m vegna nálægðar við grjótgard. Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa féll frá grenndarkynningu, sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og verður farið með málið samkvæmt því. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfangi. Völuskarð 24.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 10. ágúst 2021 var samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, vegna Völuskarðs 24. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytingar og tilfærslu á byggingarreit. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 9. desember 2021.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.